

Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn

Það er óhætt að segja að árið 2019 hafi verið afar árangursríkt í rekstri Gildis lífeyrissjóðs. Á árinu 2019 hækkðu bæði innlend og erlend hlutabréf í verði og þróun á skuldabréfamörkuðum var einnig hagstæð. Við þetta allt bættist síðan nokkuð hagstæð gengisþróun. Vegna þessa nam ávöxtun samtryggingardeildar 15,1% á árinu 2019 sem þýðir að raunávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu var 12,1% á árinu en leita þarf allt aftur til ársins 2005 til að finna betri afkomu. Það er auðvitað mikið fagnaðarefni þegar ávöxtunin er jafn góð og raun ber vitni nú, enda þýðir það að sjóðurinn getur betur en ella staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum og greitt þeim þann lífeyri sem gert hefur verið ráð fyrir.

Þá er tryggingafræðileg staða sjóðsins í fyrsta sinn jákvæð síðan á árinu 2015 og var um áramót 3,7% en tryggingafræðileg staða mælir einmitt getu sjóðsins til að standa undir heildarskuldbindingum sínum til greiðslu lífeyris.

Það er þó ekki síður mikilvægt að horfa á ávöxtun lífeyrissjóðs yfir lengra tímabil heldur en að skoða eingöngu punktstöðu um áramót á ávöxtun eins árs. Þannig hefur meðaltalsraunávöxtun samtryggingardeildar Gildis lífeyrissjóðs verið 4,6% síðastliðin 25 ár og sé horft til síðastliðinna 10 ára hefur ávöxtunin verið 5,3% og því vel yfir því 3,5% viðmiði sem notað er til að reikna út tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Þetta er kannski kjarninn í þeirri hugsun sem þarf að vera ráðandi í ávöxtun fjármuna lífeyrissjóðs. Langtímahugsun og áhættudreifing. Oftar en ekki er slegið upp í fyrirsögnum fjölmiðla að lífeyrissjóðir hafi tapað svo og svo miklum fjármunum þegar t.d. gengi hlutabréfa sveiflast á markaði. Í flestum tilfellum er þar farið rangt með því hjá langtímafjárfesti eins og Gildi er það ávöxtunin til lengri tíma sem skiptir máli en ekki dægursveiflur á markaði. Ávöxtunartölur Gildis yfir langt tímabil sýna að þar hefur vel tekist til.

Það er einmitt á grundvelli þessarar langtímahagsmunna sem Gildi hefur verið leiðandi í umræðum og aðgerðum sem stuðla að bættum stjórnarháttum og ábyrgum fjárfestingum. Áherslur sjóðsins eru ágætlega dregnar saman í hluthafastefnu, en þar segir m.a.: „*Gildi-lífeyrissjóður beitir sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni og góðum stjórnarháttum þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í*“. Það er enginn vafi í mínum huga að sú áhersla sem Gildi hefur haft um að vera virkur eigandi og beita sér fyrir góðum stjórnarháttum og ábyrgum fjárfestingum mun til lengri tíma skila sjóðnum betri ávöxtun sjóðfélögum til heilla.

Þótt við á þessum ársfundi gleðjumst yfir góðum árangri á árinu 2019 er óhjákvæmilegt að nefna að það eru miklir óvissutímar og miklar sveiflur á mörkuðum vegna þess ástands sem hefur skapast af völdum COVID 19 veirunnar. Slíkt ástand hefur óneitanlega mikil áhrif á fjárfesti á borð við Gildi lífeyrissjóð. Því er ánægjulegt að geta greint frá því að ávöxtun fyrstu 5 mánuði ársins 2020 er 3,6%. Skýringuna má fyrst og fremst finna í að eignasafn Gildis er vel dreift milli eignaflokka. En rétt er þó að vara við því að markaðir breytast hratt og mikil óvissa er með þróun markaða næstu misserin og miklar áskoranir munu fylgja því að ávaxta fjármuni sjóðsins.

Ein af stóru áskorunum lífeyrissjóðanna á næstu árum er sú ánægjulega staðreynd að við lifum lengur. Hjá lífeyrissjóði þýðir sú staðreynd hins vegar að sjóðurinn þarf að greiða lífeyri í fleiri ár eða með öðrum orðum skuldbindingar hans aukast. Hingað til hafa skuldbindingar sjóðsins verið reiknaðar út frá lífslíkum byggðum á reynslu fortíðar en ekki spá til framtíðar. Mat tryggingastærðfræðings sjóðsins er að ef að skuldbindingar sjóðsins væru reiknaðar út frá spám um lífslíkur gætu skuldbindingarnar aukist um allt að 10%. Á næstu árum er nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld komi sér saman um hvernig skuli taka á hækkandi lífaldri. Til að koma í veg fyrir að lífeyrisgreiðslur verði skertar gæti komið til álita að seinka töku lífeyris í einhverjum áföngum. Það er þó ljóst að það verður að bregðast við sem fyrst.

Stjórn Gildis hélt 16 stjórnarfundum á árinu 2019 auk þess sem stjórnin sat í byrjun október tveggja daga stefnumótunarfund í Borgarnesi. Á fundum sínum hefur stjórnin fjallað um mörg krefjandi og flókin mál en þar skiptir sköpum að samstarfið innan stjórnar er gott. Þó svo að stjórnarmenn séu sem betur fer ekki alltaf sammála hefur náðst gott samstarf og samstaða í því hvert sjóðurinn eigi að stefna.

Gildi lífeyrissjóður á því láni að fagna að hafa á að skipa afar öflugum hópi starfsmanna sem hafa sýnt að þeir eru vakandi og sofandi yfir hagsmunum sjóðfélaga og veita afbragðsþjónustu. Þeim vil ég sérstaklega þakka ánægjuleg samskipti og vel unnin störf.

Þá langar mig að þakka stjórnarmönnum gott og árangursríkt samstarf á árinu. Sérstaklega vil ég þakka þeim Guðmundi Ragnarssyni og Konráð Alfreðssyni, sem hverfa nú úr stjórn sjóðsins eftir 11 og 15 ára stjórnarsetu, fyrir framlag þeirra til sjóðsins. Síðast en ekki síst vil ég þakka sjóðfélögum ánægjuleg samskipti.